

Gengið um Gróttu og Suðurnes.

Í dag skulum við skreppa vestur á Seltjarnarnes og út í Gróttu, þar sem vitinn er og skoða það markverðasta, sem þar er að sjá. Gróttta er nú í eyði, en mun hafa verið byggð frá fornu fari, enda bera ummerki þar þess merki.

Við öikum sem leið liggur vestur nesið og yfirgefum bílinn skammt frá ysta bænum, sem heitir Ráðagerði. Göngum fram hjá honum, niður að sjónum og eftir götunni að fjörukambinum við eiðið sem tengir Gróttu við land. Þetta eiði fer í kaf á flóði og verður þá ófært gangandi mönnum Því er betra að kynna sér tímasetningu sjávarfalla áður en lagt er af stað, svo ekki verði nein hætta á að lokast inni úti í Gróttu og þá verður að bíða næstu fjöru. Besti tíminn til þessarar gönguferðar er á stórstraumsfjöru, því þá er mest að skoða.

Að áliti jarðfræðinga hefur landsig átt sér stað á þessum slóðum á liðnum öldum og miklar breytingar orðið frá landnáms tíð. Eru glögg merki um það sýnileg. Gróttta var stærri áður. Á stórstraumsfjöru kemur langur og mikill grandur í ljós sem nær frá Gróttu og að Suðurnesi. Mun hann fyrrum hafa verið á þurru. Lítil tjörn hafi þá verið þar fyrir innan, sem nefndist Seltjörn.

Þegar komið er út í Gróttu sem er að mestu rennislétt tún, skulum við ganga réttisælis með ströndinni, Miklir grjótgarðar hafa verið hlaðnir til skjóls og til varnar gegn sjávargangi að vestan og norðan, en í þeim áttum getur brimrótíð orðið stórhrikalegt. En að sunnan, gegnt Seltjörn, eru ýmis konar mannvirki sem gefa til kynna við hvað var starfað hér áður fyrr. Þar er lendingin, geymsluhús fyrir útgerðartæki o.fl. Fjaran að vestan er mjög athyglisverð, bæði klappirnar í fjöruborðinu, sem víða eru sléttar og fagaðar sem stofugólf og eins hinn fláandi varnargarður úr grjóti, sem hlaðinn hefur verið til að draga úr ógnarþunga úthafsöldunna, sem brotnar hér í stórvíðrum.

Því næst göngum við heim að vitanum, gamla íbúðarhúsinu og skoðum hin snilldarlegu handverk, sem birtast í grjótgördunum, sem ég minntist á áðan og umlykja túnið að mestu. Þar hafa listamenn verið að verki.

Þess skal getið að í Gróttu er mikið fuglavarþ og er því sinnt af alúð, enda eru hreiðrin um allt tún, m.a. inni í gömlum bíldekkjum, sem hafa verið sett þar á víð og dreif. Þessvegna er öllum óviðkomandi bönnuð umferð um svæðið frá 15. maí til 1. júlí. Er þess vænst að þessar reglur séu virtar.

Eftir að hafa skoðað það helsta í Gróttu göngum við sömu leið til baka. Þegar komið er yfir eiðið, höldum við suður fjöruna, meðfram Seltjörn, í áttina að Suðurnesi.

Brátt komum við að merkilegu náttúrufyrirbæri. Það er fjörumórinn í Seltjörninni, sem kemur upp um fjöru. Vitað er að fyrir um það bil fyrir 100 árum var tekinn hér mór, enda sjást leifar gamalla mógrafa í fjörunni, Þetta er m.a. sönnun þess að landið sé að síga. En hversu gamall er þessi mór? Við rannsóknir hefur komið í ljós að elsti mórinn sé um 9000 ára gamall og í honum hafa fundist þörungar sem ekki finnast í söltu vatni. Það bendir til þess að mórinn hafi myndast áður en Seltjörn komst í bein tengsl við hafið. Ekki er hér tómt til að fjalla nánar um fjörumóinn en sjón er sögu ríkari.

Við höldum svo göngunni áfram, fylgjum fjörunni út að Suðurnesvörðunni, skoðum skotbyrgið frá styrjaldarárunum, förum svo þaðan austur nesið, meðfram golfvellinum og inn á Bakkagranda. Þar fyrir norðan er Bakkatjörn, ekki Seltjörn sem margir halda. Í fjörunni fyrir neðan Bakkatjörn er merkilegt skeljabelti, sem vert er skoðunar. Síðan höldum við sem leið liggur eftir bílaslóðinni meðfram Seltjörn að bílnum sem bíður við Ráðagerði.

Hér hefur aðeins verið dregið á það helsta sem er að sjá á þessu svæði. En svo er annað, sem orð fá ekki lýst. Það er sú fegurð sem við blasir á heiðum og kyrrum síðsumarskvöldum, þegar sólin er að setjast bak við Snæfellsjökul og varpar rauðgullnum geislum sínum yfir himin og haf. Sá sem sér þá sjón verður ekki sami maður á eftir.

(Mbl. 3. júlí 1980)